# Fundargerð

## 228. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 12[15] –13[30].

Viðstödd:

Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

(1) Fundargerð síðast fundar
(2) Raf- og rafeindatæki
(3) Einnota burðarplastpokar
(4) Fundartími og verkefni
(5) Önnur mál
(6) Dagskrárbreyting

**1. Fundargerð**
Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (227. fundar).

*Samþykkt*

**2. Raf- og rafeindatæki**
Lagt var fram á fundinum til kynningar, erindi frá Sorpu, þar sem óskað er eftir að stjórn Úrvinnslusjóðs taki fyrir meðfylgjandi minnisblað sem Mörkin lögmannsstofa hf. hefur tekið saman fyrir Sorpu um úrvinnslugjald vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs.

**3. Einnota burðarplastpokar**
ÓK fór yfir að umhverfis- og auðlindarráðherra skipaði starfshóp í ársbyrjun 2016 til að móta tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka með árangursríkum hætti. Hópurinn hefur skilað skýrslu um málið þar sem m.a. kemur fram nauðsyn þess að afla betri upplýsinga um umfang notkunar plastpoka.
Í framhaldi af skýrslunni fól ráðherra Úrvinnslusjóði að vinna tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum 162/2002 sem feli í sér að sérstök tollskrárnúmer verði fyrir einnota burðarplastpoka. Haft hefur verið samband við starfsmenn hjá Tollinum og óskað eftir nýju(m) tollnúmeri(um) fyrir einnota burðarplastpoka. Athuga þarf hvort að gera þurfi grein fyrir nýju(m) tollnúmeri(um) í lögum nr. 162/2002 í gr. 7a.
Stjórn ræddi niðurstöður starfshóps. ÓK falið að vinna með starfshópi að útfærslu á upplýsingagjöf og álagningu úrvinnslugjalds.

**4. Fundartími og verkefni**
Lögð var fram tillaga á fundinum að stjórnarfundum haustsins.

*Samþykkt.*

**5. Önnur mál**
ÓK fór yfir breytingu á skilgeiningu á ráðstöfunarflokknum – smurolía í smáílátum, sem samþykkt var fyrr í sumar.

**6. Dagskrárbreyting:**
Stjórn staðfestir breytingu á úrvinnslugjaldi á raf- og rafeindatæki sem og á framköllunarefnum sem kynnt hafði verið í tölvupósti í framhaldi af umræðu á síðasta stjórnarfundi.

Gjaldskrá fyrir raf- og rafeindatæki:

| | |
|---|---|
| Kælitæki | 47 kr/kg |
| Skjáir | 130 kr/kg |
| Lítil tæki | 16 kr/kg |
| Stór tæki | 11 kr/kg |
| Lítil upplýsingartæki | 13 kr/kg |

Framköllunarefni (sex mismunandi styrkleikar):
360 kr/kg
600 kr/kg
1.200 kr/kg
1.440 kr/kg
1.920 kr/kg
2.880 kr/kg

*Samþykkt*

Næsti fundur ákveðinn 6. september 2016.
Fundi slitið kl 13:30